

74. fundur í Safna- og menningamálanefnd þriðjudaginn 13. október 2009 kl. 17:00.
Mættir: Eyþór Benediktsson, formaður, Dagbjört Höskuldsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Kristín Víðisdóttir, Ragnheiður Óladóttir og Erna Guðmundsdóttir.

Formaður setur fund.

1. Skýrsla bókasafns

Ragnheiður fer yfir skýrslu bókasafnsins með upplýsingum um starfsemina. Hún upplýsir að enn sé aukning á útlánnum safnsins. Árgjald safnsins hefur ekki hækkað lengi en verður nú 1.nóvember hækkað úr 1.200 kr. í 1.500 kr. og dagsektir úr 10 kr. í 15.kr. Útleiga á diskum gengur vel en gæta þarf að því að diskarnir skili sér til baka og óskemmdir. Á safninu hafa þetta árið verið tveir upplestrarviðburir þar sem höfundar lesa úr verkum sínum, í ágúst og í október. Báðir viðburðir voru vel sóttir. Að hefur staðið yfir á safninu sýning á verkum Láru Gunnarsdóttur og Sigríðar Erlu Guðmundsdóttur. Fjöldi lánþega á safninu í dag er 306 miðað við 265 í lok marsmánuðar árið 2007. Ekki er algilt að allir fullorðnir einstaklingar sem nýta sér þjónustu safnsins séu skráðir lánþegar sem þó ætti að vera skilyrði fyrir útlánnum.

2. Vatnasafn

Eyþór ræðir opnunartíma safnsins utan hefðbundins tíma. Þetta fyrirkomulag er erfitt í framkvæmd þar sem forstöðumaður bókasafns þarf í raun alltaf að vera tilbúinn að hlaupa til. Ragnheiður upplýsir að tvöfalt kerfi sé í gangi. Annarsvegar fær hún tölvupóst á vefsíðu safnsins eða hringingu og veit þá fyrirfram hvenær þarf að sinna móttöku á safninu. Hinsvegar kemur fólk á bókasafnið og biður um lykil til að geta skoðað safnið. Ekki er hægt að leyfa fólki að vera á safninu án þess að einhver sé til staðar þar sem við berum ábyrgð á því. Þar sem kynningarefni safnsins auglýsir að það sé alltaf opið lítur Artangel í Englandi svo á að unnt sé að leyfa hverjum sem er að fara á safnið öllum stundum. Raunin er ekki sú að safnið sé alltaf opið og skoðun þeirra sem ábyrgjast það sú að starfsmaður þurfi að sýna það. Nefndin er sammála um að eðlilegast sé að þeir sem vilja skoða safnið utan opnunartíma greiði fyrir útkall starfsmanns.

Mikilvægt er að bæjaryfirvöld ræði við Artangel um samstarfið og á hvern hátt það verður farsælast í framtíðinni.

3. Ljósmyndasafn

Eyþór fer yfir stöðu verkefna á safninu. Sigurlína var ráðin í byrjun árs í sérverkefni á safninu við að fara í gegnum myndir. Vinnan gengur ágætlega en hún veit þó ekki alveg hvernær hún klárar en vonast til að ljúka um áramót. Vegna breyttra forsenda bendir Eyþór á nauðsyn þess að endurskoða gjaldskrá safnsins þannig að hún verði bæði virkari og raunhæfari. Sú endurskoðun verður unnin í samvinnu Ragnheiðar, Kristínar og Magnúsar.

Beiðni hefur borist frá Önnu Melsted um afnot af myndum úr Ljósmyndasafninu til nota við Lófaleiðsögn um hús og fleira í Stykkishólmi. Nánari upplýsingar þarf um verkefnið fyrir afgreiðslu beiðninnar.

Magnús kemur með þá hugmynd að velja um 10 myndir sem yrðu rammaðar inn og settar á sölusýningu á safninu.

4. Afmæli hafskipabryggju

Nú er komið að því að skila skýrslu til menningarráðs vegna verkefnisins. Skv. upplýsingum frá Aldísi Sigurðardóttur sóttu sýninguna um 6.500 gestir. Eyþór mun senda endanlega skýrslu til yfirlestrar og athugasemda áður en hún verður send menningangarráði.

5. Önnur mál

Eins og fram hefur komið er leiðkfélagið Grímnir í miklum húsnæðiserfiðleikum um þessar mundir. Rætt hefur verið um samnýtingu leikfélagsins á sal tónlistarskólans en við það eru kostir og ókostir fyrir báða aðila. Dagbjört bendir á þá staðreynd að við höfum í raun ekki aðgang að neinu félagsheimili í bænum um þessar mundir. Nefndinni hefur verið tjáð að ókostir við að nota félagsheimilið Skjöld séu m.a. fjarlægð frá bænum með tilheyrandi aksturskostnaði og þeirri kvöð að foreldrar sjái um að koma börnum sínum til æfinga og sýninga. Nefndarmenn eru sammála um nausyn þess að viðunandi lausn finnist á húsnæðismálum leikfélagsins hið fyrsta þar sem mikið og gott félagsstarf með ungmennum á sér stað innan þess.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:00